

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs og sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi.

1. gr.

Sveitarfélagið Ölfus annast sorphirðu frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss skal innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir meðhöndlun úrgangs samkvæmt samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Ölfusi.

2. gr.

Sérstök söfnun er við heimili og er flokkun með 3 tönnum auk lífræns hólfs í tunnu fyrir almennt sorp.

Breytilegt gjald fyrir blandaðan heimilisúrgang:		Gjald kr./ílát á ári
<i>Tegund íláts og hirða – tunna 1</i>	<i>Íbúð/sérbýli</i>	<i>Fjölbýli</i>
240 l grá tunna + lífrænt hólfi	32.200	-
660 l grá tunna 120 l lífræn tunna	-	102.800
120 l lífræn tunna	10.190	-
240 l lífræn tunna	-	20.400
Tvískipt tunna (lífrænt og almennt sorp)	27.200	-
Breytilegt gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, pappírsefni:		
<i>Tegund íláts og hirða – tunna 2</i>	<i>Íbúð/sérbýli</i>	<i>Fjölbýli</i>
240 l blá tunna	11.430	11.430
360 l blátt ker	-	26.750
660 l blátt ker	-	49.000
Breytilegt gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, plastefni:		
<i>Tegund íláts og hirða – tunna 3</i>	<i>Íbúð/sérbýli</i>	<i>Fjölbýli</i>
240 l græn tunna	11.430	11.430
360 l grænt ker	-	26.750
660 l grænt ker	-	49.000

3. gr.

Fast gjald er lagt á allar fasteignir sveitarfélagsins til að standa straum af veittri þjónustu tengdri málaflokknum og er ekki beintengt úrgangsmagni s.s. umsýsla, fræðsla, hreinsun rusls á víðavangi, rekstur grenndarstöðva og aðgengi að gámasvæði með gjaldfrjálsan úrgang.

Álagningin er á fasteignir í a-, b- og c-lið samkvæmt 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Fast gjald á fasteignir í a-lið 18.700 kr.

Fast gjald á fasteignir í b- og c-lið 28.000 kr.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Önnur gjöld:

Tunnugjald: Nýjar 120 l lífrænar tunnur	15.650	kr./ilát
Tunnugjald: Nýjar 240 l lífrænar tunnur	21.590	kr./ilát
Tunnugjald: Nýjar 240 l tunnur	21.590	kr./ilát
Tunnugjald: Ný 360 l ker	Sérpöntun	kr./ilát
Tunnugjald: Ný 660 l ker	85.615	kr./ilát
Tvískiptar tunnur (almenn og lífræn) 240 l	27.200	kr./ilát
Útkeyrslugjald tunnur	3.220	kr./ferð
Útkeyrslugjald ker	6.440	kr./ferð
Teygjufesting á lok í lausasölu	1.040	kr./stk.
Lok á tunnur 120 l	2.160	kr./stk.
Lok á tunnur 240 l	2.160	kr./stk.
Lok á tunnur 360 l	Sérpöntun	kr./stk.
Lok á tunnur 660 l	10.730	kr./stk.

Tunnugjald og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu nýrra tunna. Umsókn um nýjar tunnur þarf að fara í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins og afhending þeirra er á móttöku- og flokkunarstöð við Norðurbakka. Tunnur eru seldar á kostnaðarverði.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss, staðfestist hér með, skv. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1728/2024.

Samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss, 11. desember 2025.

Elliði Vignisson bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 4. febrúar 2026